

Mál nr. 361/2021**M og
V vegna fasteignatryggingar.****Ágreiningur um umfang tjóns vegna vatnsleka.****Gögn.**

Málskot mótttekið 22.09.2021 ásamt fylgiskjöllum 1-10
Bréf V dags. 02.11.2021 ásamt fylgiskjöllum.
Viðbótarathugasemdir M, dags. 08.11.2021.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að V hafi þegar viðurkennt bótaskyldu vegna tjóns sem varð vegna vatnsleka sem varð vart á baðherbergi í fasteign M hinn 21. ágúst 2021. Ágreiningur aðila snúi hins vegar að því að V vilji aðeins bæta hluta flísalagnar á baðherberginu, þ.e. aðeins á þeim veggflötum sem brotnir voru upp. Sams konar flísar séu á öllu baðherberginu, sem sé ein heild, en umræddar flísar séu ekki lengur fáanlegar. Verði aðeins skipt um flísar á þeim hluta sem V sé tilbúið að bæta sé ljóst að ekki verði sambærilegt heildarútlit á öllu rýminu. Þá kvartar M yfir því að bótafjárhæð sú sem V bjóði nemi aðeins 470.000 kr., en M hafi aflað tilboðs í sama verk og hafi það numið 1.355.526 kr. Því sé ljóst að M eigi þess ekki kost að koma baðherberginu í sambærilegt ástand og það var í áður en tjónið átti sér stað. Fasteign M eigi að verða í sambærilegu ástandi, hvað varðar gæði og verðgildi

Niðurstaða.

M á ekki rétt á frekari bótum en V hefur þegar boðið úr fasteignatryggingu hans hjá V.

Reykjavík 30. nóvember 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.